

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

25.fundur verkefnahóps BsVest haldinn þriðjudaginn 29.janúar 2013 kl. 13.00.

Fundurinn er símafundur. Mætt voru Arnheiður Jónsdóttir formaður sem einnig ritaði fundargerð, Elsa Reimarsdóttir, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Hildur Jakobína Gísladóttir, Harpa Stefánsdóttir og Anna Valgerður mætti í stað Margrétar Geirsdóttir sem boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrár.

1. Greiðslur til stuðningsfjölskyldna á árinu 2013.

Verkefnahópurinn samþykkir eftirfarandi gjaldskrá fyrir stuðningsfjölskyldur á Vestfjörðum og verður hún birt á svæði BsVest á heimasíðu Fjórðungssambands Vestfirðinga.

- I. 1.fl: *Börn sem eru algjörlega háð öðrum með athafnir daglegs lífs*
Kr. 15.700 fyrir hvern sólahring.
- II. 2.fl: *börn sem þurfa verulega aðstoð við athafnir daglegs lífs og gæslu*
Kr. 12.100 fyrir hvern sólahring
- III. 3.fl: *Börn sem þurfa minn aðstoð en samkv. 1.fl og 2.fl en þurfa eftirlit við athafnir daglegs lífs.*
Kr. 9.300 fyrir hvern sólahring.
- IV. *Kr. 970,- fyrir hverja klukkustund.*

2. Fjárhagsáætlanir.

Þessum dagskrálið frestað til næsta fundar.

3. Umsókn um skammtíamavistun

- a. Ný umsókn, samþykkt var ein helgi í mánuði í þrjá mánuði, skráð í trúnaðarmálabók...
- b. Umsókn um aukningu á skammtíamavistun í sumar, ákvörðun frestað. Fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar fer yfir hvort hægt sé að samnýta t.d. Hvestu, skráð í trúnaðarbók.
- c. Um umsóknir í skammtíamavistun fyrir árið 2013.
Félagsþjónustusvæðin senda til Fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar óskir um skammtíamavistun þó svo ekki sé óskað eftir breytingum á árinu. Þessar óskir hefðu átt að berast í október – nóvember á meðan fjárhagáætlanagerðar vinnan stendur yfir.

4. Reglulegir fundir verkefnahóps.

Verkefnastjóri lagi fram áætlun um fundi verkefnahóps fram á vor og var eftirfarandi samþykkt:

- | | | |
|------------|--------------|-------------------|
| 6. febrúar | Símafundur | kl. 13.00 |
| 4.mars | Símafundur | kl. 13.00 |
| 8. apríl | Snertifundur | kl. 11.00 – 16.00 |
| 6.maí | Símafundur | kl. 13.00 |
| 10. júní | Snertifundur | kl. 11.00 – 16.00 |

Líklegt að það verði aukafundur í febrúar.

5. Verkefni samkvæmt framkvæmdaráætlun.

Verkefnastjóri kynnti bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga vegna verkefna framkvæmdaráætlunar á árinu 2013. Þar sem engin fjármögnun er fyrir hendi telur sambandið að ekki sé hægt að líta svo á að sveitarfélögunum sé skylt að framkvæma ný og kostnaðarsöm verkefni samkvæmt framkvæmdaráætluninni. Ráðgjöf sambandsins er sú að unnið sé að verkefnum C.2C4. og

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

C.7. C8 innan ramma fjárhagsáætlanna eftir því sem unnt er og á grundvelli gildandi forgangsröðunar.

6. Reglugerðir nr. 971,972 og 973

Farið var yfir reglugerðirnar og rætt innihald þeirra og aðstæður hjá félagsþjónustusvæðunum og varðandi þær.

7. SIS mót á Vestfjörum og biðlistar.

10. október 2012 sendi verkefnastjóri tölvupóst til félagsþjónustusvæðanna um biðlista og svokölluðu nýgengi vegna SIS matsins. Ekki hafa borist upplýsingar frá öllum svo nú sendir verkefnastjóri svæðunum eyðublað sem þau fylla út.

Anna Valgerður og Harpa þurftu að fara af fundi .
Aðalsteinn mætti á fundinn.

8. Vesturafl.

Verkefnastjóri greindi frá fundi sem hún ásamt framkvæmdarstjóra áttu með framkvæmdarstjóra Vesturafls vegna samnings við þau eins og samþykkt var á 24.fundi verkefnahóps. Þau vinna málið áfram og leggja drög að samningi fyrir verkefnahópinn.

Að lokinn dagkrá tilkynnti verkefnastjóri að hún sé að hætta störfum hjá byggðasamlaginu. Hún er búin að gera samning um að 15.febrúar minnkar starfshlutfallið í 60% og starfslok verða í endaðan mars

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.20.